

Endurbætt þýðing 2012

SÍÐAREGLUR

SÁLFRÆÐINGA

Á NORÐURLÖNDUM

Samþykktar á framhaldsaðalfundi Sálfræðingafélags Íslands 1998



Sálfræðingafélag Íslands

(ICELANDIC PSYCHOLOGICAL ASSOCIATION)

Siðareglur Sálfræðingafélags Íslands

Október 2014.



Sálfræðingafélag Íslands

(ICELANDIC PSYCHOLOGICAL ASSOCIATION)

Siðareglurnar eru samnorrænar siðareglur fyrir sálfræðinga. Þær voru endurskoðaðar í samvinnu við sálfræðingafélög hinna Norðurlandanna og samþykktar á framhaldsaðalfundi Sí 1998. Pétur Tyrfingsson endurbætti þýðinguna sem var lögð fyrir aðalfund 2012.

Efnisyfirlit

Formáli	4
I. Inngangur	6
II. Siðareglur	7
II.1. Réttindi og reisin	8
II.2. Fagleg hæfni.....	10
II.3. Ábyrgð	12
II.4. FAGleg heilindi	14
III. Notkun siðareglna	15
III.1. Siðferðilegar leiðbeiningar fyrir sálfræðing	15
III.2. Upplýsingar fyrir almenning.....	17
III.3. Leiðbeiningar um meðferð kærumála	17
Viðauki: Orðalisti	18

Formáli

Með siðareglum um störf sálfræðinga er gerð nánari grein fyrir því almenna siðgæði sem gildir um alla í samfélaginu. Sálfræðingar rata í vandasamar aðstæður sem stundum reynist erfitt að meta siðferðilega. Þess vegna er almennt siðgæði ekki nægjanleg leiðsögn í starfi. Sálfræðingar starfa oft á sviði þar sem togstreita getur myndast milli sjálfræðis skjólstæðinga og þess að þeir eru háðir sálfræðingnum. Sálfræðingur getur haft djúpstæð áhrif á líf skjólstæðingsins jafnframt því sem hann verður að virða sjálfræði hans. Af þessum ástæðum hafa sálfræðingar komið sér saman um siðareglur sem eiga að leiðbeina og styrkja siðferðilega igrundun.

EFPA (European Federation of Psychologists' Associations) samþykkti *Meta-Code of Ethics* árið 1995 sem fjallar um þær aðstæður sem sálfræðingar þurfa að glíma við í starfi. Sálfræðingar á Norðurlöndum hafa farið eftir sameiginlegum siðareglum frá því á miðjum níunda áratug síðustu aldar. Árin 1996-1997 voru þessar reglur endurskoðaðar bæði í samræmi við *Meta-Code of Ethics* og einnig í ljósi knýjandi nauðsynjar á að setja siða-reglur fram á þann hátt sem eykur færni til að bera kennsl á, igrunda og ráða fram úr siðferðilegri valþröng fremur en vera bálkur með hegðunarreglum.

Siðareglunum er skipað undir fjórar frumreglur með nánari skýringum. Þessar frumreglur eru eftirfarandi:

- Virðing fyrir réttindum og reisn einstaklingsins
- Hæfni í starfi
- Ábyrgð
- Heilindi í starfi

Tilgangur siðareglanna er eftirfarandi:

- Að hjálpa sálfræðingum á Norðurlöndum við að taka afstöðu til siðferðilegra vandamála.
- Að vernda skjólstæðinga gegn marklausri og/eða skaðlegri meðferð.
- Að greiða fyrir innbyrðis samskiptum sálfræðinga og samskiptum þeirra við aðra faghópa.
- Að skapa forsendur þess að störf sálfræðinga njóti trausts.
- Að skapa forsendur fyrir leiðbeiningar og ráðgjöf á sérstökum sviðum.

Siðareglurnar eru ætlaðar sálfræðingum. Þær eru skrifaðar á máli sálfræðinga í því augnamiði að upplýsa þá sem best. Án fyrirvara er því ekki hægt að túlka siðareglurnar með tungutaki og skilningi annarra faghópa á sama hátt og til að mynda málsgreinar laga.

Siðareglurnar eiga við um störf sálfræðinga sem skilgreind eru sem hverjar þær aðstæður þar sem sálfræðingur starfar í tengslum við einstaklinga, hópa og/eða stofnanir. Einnig er farið að siðareglum í störfum sem verða ekki beinlínis talin sálfræðileg en þó unnin af sálfræðingi í krafti færni sem fengin er með sálfræðimenntun. Sálfræðingafélögin á Norðurlöndum bera ábyrgð á því að vekja og glæða skilning félagsmanna á siðferðilegum vandamálum, siðferðilegri igrundun og umræðu meðal annars með fræðslu og ráðgjöf. Félagin vænta þess einnig að félagsmenn þroski skilning sinn á siðferðilegum álitamálum.

Siðareglurnar eru bindandi fyrir alla félagsmenn í sálfræðingafélagunum á Norðurlöndum þegar þeir stunda öll sálfræðistörf. Norrænu sálfræðingafélögin hafa verklag á leiðréttingum og viðurlögum þegar kærur á hendur félagsmönnum eru rannsakaðar og afstæða tekin til þeirra.

I. Inngangur

Sálfræðingar byggja störf sín á visindalegri þekkingu og staðfestri reynslu. Sálfræðin sem fræðigreinin og starf þróast stöðugt þar sem ný og margbrotnari þekking og aðferðir skapast. Þetta gerist í breytilegu samfélagi þar sem ný verkefni verða stöðugt til. Þess vegna skiptir miklu að sálfræðingar fylgi þróuninni og tileinki sér nýja þekkingu í störfum sínum. Einnig er þýðingarmikið að sálfræðingar þekki eigin takmarkanir og nýti sér þekkingu og hæfni starfsfélaga og annarra. Með þekkingu sinni þjóna sálfræðingar margvíslegu hlutverki í margvíslegum faglegum samskiptum og beita margvíslegum aðferðum. Sálfræðingar geta haft áhrif á aðstæður einstaklinga, hópa og stofnana á þýðingarmikinn hátt. Störf sálfræðinga hafa oft í för með sér möguleika á að hafa djúpstæð áhrif á aðrar manneskjur. Starfskilyrði af þessu tagi gera miklar kröfur til faglegrar siðvitundar sálfræðinga og eiga sinn þátt í að þeir hafa ákveðið að setja sér siðareglur.

Mörg sálfræðiverk og samskipti í starfi eru þó þess eðlis að ekki er unnt að stýra þeim eftir formlegum reglum. Þess vegna hefur fagleg siðvitund, ábyrgðartilfinning og fagleg hæfni sérhvers sálfræðings úrslitabýðingu.

Úrslitum ræður að siðareglur séu jafnan til umræðu og auðgunar. Engu að síður standa siðareglurnar fyrir tiltölulega varanleg gildi í högum og samskiptum manna.

II. Siðareglur

Í eftirfarandi vísar „skjólstæðingur“ til sérhverrar persónu, hóps eða stofnunar sem sálfræðingurinn á samskipti við í starfi sínu. Í vissum tilvikum nær hugtakið yfir þá sem sálfræðingurinn tengist óbeint eins og fjölskyldu skjólstæðings, stofnanaumgjörð skjólstæðingahóps eða viðskiptavini og sjúklinga stofnana eða aðra þá sem hagsmuna eiga að gæta.

II.1. Réttindi og reisin

Sálfræðingur virðir og styður réttindi, reisin og manngildi sérhverrar manneskju og virðir rétt einstaklingsins til einkalífs, trúnaðar, sjálfsákvörðunar og sjálfræðis í samræmi við aðrar faglegar skyldur sálfræðinga og gildandi lög.

II.1.1. Virðing

Sálfræðingur virðir grundvallarréttindi einstaklingsins, reisin hans og gildi og gætir þess að þekking hans sé ekki notuð til að skaða, nota eða kúga neina manneskju. Í þessu felst að taka tillit til og virða þekkingu, innsæi, reynslu og færni skjólstæðingsins, þriðja aðila sem málið snertir og almennings ásamt því að virða sérs-taka færni, skyldur og ábyrgð starfsfélaga og annarra faghópa. Í þessu felst einnig að virða einstaklingsbundinn, hlutverkatengdan og menningarlegan mun sem snertir starfshæfni, kyn, kynhneigð, þjóðlegan uppruna, aldur, trúarbrögð, tungumál og samfélagsstöðu ásamt því að taka tillit til þeirra takmarkana sem liggja í eigin menningarlegum, stéttarlegum og kynbundnum forsendum.

II.1.2. Trúnaður og þagnarskylda

Sálfræðingur virðir rétt einstaklingsins til trúnaðar með því að þegja um þá vitneskju sem hann fær í starfi um skjólstæðinginn og aðra. Þó vikur þagnarskylda þegar skjólstæðingur eða aðrir eru í augljósum háska. Sálfræðingur getur einnig verið skyldugur samkvæmt lögum að veita upplýsingar og segir þess vegna skjólstæðingi frá því hvernig lög setja þagnarskyldunni mörk.

II.1.3. Upplýst samþykki og valfrelsi

Sálfræðingurinn gerir upplýst samþykki mögulegt með því að fræða skjólstæðinginn um fyrirhugaðar aðgerðir og ræðir jafnóðum aðgerðir sínar og líklegar afleiðingar þeirra þannig að skjólstæðingurinn verði í stakk búinn til að velja hvort hann tekur þátt. Sé skjólstæðingur ekki sjálfráða er fengið samþykki forsjáradila með viðeigandi tilliti til sjálfstæðis hins ósjálfráða.

II.1.4. Sjálfsákvörðunarréttur

Sálfræðingurinn stendur vörð um sjálfræði og sjálfsákvörðunarrétt skjólstæðingsins. Þetta á einnig við um rétt skjólstæðings til að mynda og rjúfa tengsl við sálfræðing í starfi. Í störfum með börnum, fólki sem er þvingað samkvæmt lögum eða í bráðatilvikum kemur frávik frá frjálrsræðisreglunni til greina að teknu tilliti til gildandi laga. Í tilvikum sem þessum er einnig sóst eftir samvinnu.

II.2. Fagleg hæfni

Sálfræðingur keppir að því að viðhalda og auka faglega hæfni í störfum sínum. Sálfræðingur sækist eftir skilningi á faglegum og persónulegum styrkleikum sínum og veikleikum svo hann megi meta á raunsæjan hátt hvort hann er hæfur til að taka að sér verkefni. Sálfræðingurinn tekur aðeins að sér verkefni eða býður þjónustu og notar aðferðir sem hann er fær til vegna menntunar, þjálfunar og reynslu.

II.2.1. Siðferðilegur skilningur

Forsenda góðrar faglegrar færni er að sálfræðingur sé meðvitaður um siðareglur og tileinki sér siðferðilega hugsun í faglegu starfi.

II.2.2. Hæfni og þróun hæfni

Sálfræðingur byggir störf sín á vísindalegri þekkingu og rannsóknnum og sækist eftir að bæta sig í starfi með því að afla sér aukinnar og nýrrar þekkingar á sviði vísinda og starfs.

II.2.3. Takmörk hæfninnar

Sálfræðingur starfar eftir því sem færni hans leyfir sem byggist á menntun, þjálfun, reynslu og persónulegum hæfileikum og sækist jafnframt eftir faglegri aðstoð og stuðningi við erfiðar aðstæður.

II.2.4. Takmarkanir aðferða

Sálfræðingur tekur tillit til ófullkomleika þeirra aðferða og verklags sem notuð eru í tilteknu verkefni og takmarkana þeirra ályktana sem draga má. Sálfræðingur fer sérlega gætilega þegar hann notar aðferðir, hjálpartæki eða tækni sem eru enn á tilraunastigi og fullnægja ekki venjulegum aðferðafræðilegum kröfum eða sálfræðingurinn hefur ekki fyllilega á valdi sínu.

II.2.5. Takmarkanir sem liggja í umhverfi

Sálfræðingur tekur tillit til þess hvernig vinnuskilyrði og samfélagsaðstæður geta stutt eða hindrað fullnægjandi not af færni hans og aðferðum.

II.3. Ábyrgð

Sálfræðingur er meðvitaður um faglega og vísindaleg ábyrgð sem hann ber gagnvart skjólstæðingum sínum, þeirri stofnun sem hann starfar fyrir og samfélaginu. Sálfræðingur gætir þess að valda ekki skaða og ber ábyrgð á gjörðum sínum. Sálfræðingur tryggir eftir því sem unnt er að þjónusta hans verði ekki misnotuð.

II.3.1. Ábyrgð

Sálfræðingur ber ábyrgð á gæðum og afleiðingum verka sinna og gerir sér jafnframt grein fyrir að litið er á hann sem fulltrúa starfsgreinar sinnar.

II.3.2. Misnotkun og skaði

Sálfræðingur forðast að sálfræðileg þekking og aðferðir verði misnotaðar og ber ábyrgð á að draga úr skaða sem er fyrirsjáanlegur eða verður ekki umflúinn.

Sálfræðingur tekur ekki þátt í athöfnum sem miða að því með líkamlegum eða sálrænum þvingunum („innrætingu“, „heilapvotti“, pyndingum) eða hótunum um þær að

- þvinga fram upplýsingar eða játningu,
- fá einhvern til að gefa upp, afneita eða breyta eigin eða annarra lífsviðhorfum, pólitískri, trúarlegri eða siðferðilegri sannfæringu.

Sálfræðingur beitir sér gegn því að sálfræðileg þekking sé misnotuð í þessum tilgangi.

II.3.3. Meðhöndlun siðferðilegra álitamála

Sálfræðingur gerir sér grein fyrir að siðferðileg álitamál koma fyrir og það er ábyrgð sálfræðingsins að skýra slík álitamál og ráðfæra sig við starfsfélaga, þá sem hann starfar fyrir og/eða Sálfræðingafélagið ásamt því að upplýsa viðeigandi aðila um þær kröfur sem siðareglur gera.

II.3.4. Samfelld þjónusta

Sálfræðingur ber ábyrgð á samningi við skjólstæðinginn um fagleg samskipti, skilyrði þeirra, framkvæmd, endalok og eftirfylgd ef við á. Sálfræðingur er meðvitaður um þá ábyrgð sem hann ber á sambandinu við skjólstæðinginn eftir að hinum faglegu tengslum er formlega lokið.

II.3.5. Aukin ábyrgð

Sálfræðingur ber aukna ábyrgð á vísindalegu og faglegu starfi og þar á meðal faglegu siðferði starfsmanna sinna, aðstodarmanna, þeirra sem hann leiðbeinir og nema. Þegar sálfræðingur kennir sálfræðilegar starfsaðferðir ber hann ábyrgð á að vekja bæði athygli á styrkleikum og veikleikum aðferðarinnar ásamt siðferðilegum fylgjum hennar.

II.4. Fagleg heilindi

Sálfræðingur temur sér fagleg heilindi á sviði rannsókna, kennslu og hagnýtingar sálfræðinnar. Þetta felur í sér að sálfræðingurinn kemur fram við aðra á heildarlegan, hlutlausan og virðingarfullan hátt. Hann leitast við að útskýra og gera hlutverk sitt ljóst fyrir viðeigandi aðilum í því ólíka samhengi sem hann starfar.

II.4.1. Hreinskiptni og skýrleiki

Sálfræðingur veitir fullnægjandi upplýsingar um færni sína, menntun, starfsreynslu, hæfni og faglegt samfélag ásamt því að nota aðeins starfsheiti sem menntun, lög-gilding og reglugerðir heimila. Þegar sálfræðingur lætur í ljós skoðanir sínar sem sálfræðingur keppir hann að hlutlægni og nákvæmni. Sálfræðingurinn upplýsir um sálfræði og sálfræðistörf þannig að það valdi ekki misskilningi eða skaði sálfræðina eða starfsgreinina.

Sálfræðingur upplýsir fyrirfram um fjárhagsleg skilyrði og tekur afstöðu til þeirra afleiðinga sem það getur haft fyrir hin faglegu samskipti ef hann tekur við gjöfum eða öðrum greiða frá skjólstæðingi umfram gjald.

II.4.2. Hlutverkatogstreita og misnotkun

Sálfræðingur keppir að því að vera meðvitaður um sínar eigin þarfir, viðhorf og gildismat og um sitt eigið hlutverk í faglegum samskiptum. Hann misnotar því ekki vald sitt og stöðu með því að notfæra sér að skjólstæðingur er háður honum og treystir. Sálfræðingur forðast tengsl við skjólstæðinginn utan hinna faglegu samskipta sem geta dregið úr hinni faglegu fjarlægð og leitt til hagsmunatogstreitu eða misnotkunar skjólstæðingsins. Sálfræðingur tekur tillit til þess að nánd og kynhvöt getur beint og óbeint haft áhrif á samband skjólstæðings og sálfræðings.

Sálfræðingur forðast að samband við skjólstæðing verði persónulegt eða kynferðislegt. Kynlíf sálfræðings með skjólstæðingi á ekki að eiga sér stað.

III. Notkun siðareglna

III.1. Siðferðilegar leiðbeiningar fyrir sálfræðing

Siðareglunum er ætlað að hjálpa sálfræðingi við dagleg störf, yfirvegum og áætlanir ásamt úrlausn siðferðilegra vandamála.

Þá er þýðingarmikið að taka mið af eftirfarandi:

- Ábyrgð sálfræðingsins er metin í tengslum við eðli hinna faglegu tengsla og eðli verkefnisins.
- Munur á þekkingu og valdi hefur ávallt áhrif á fagleg samskipti sálfræðings við skjólstæðinga og starfsfélaga. Því meiri sem munurinn er því stærri er ábyrgð sálfræðingsins.
- Innihald einstakra siðareglna ber að auðga með stöðugri umræðu.

III.1.1. Siðferðileg yfirvegum

Í hvert sinn sem sálfræðingur ákveður að taka að sér eða hafna verkefni ígrundar hann þær siðferðilegu hliðar málsins sem til greina koma. Þannig skapast og skerpist nauðsynlegur skilningur á siðferðilegum vandamálum og þar með verður sálfræðingurinn gætnari við lausn komandi verkefna. Með stöðugri siðferðilegri yfirvegum er vakað yfir siðferðilegum álitamálum.

III.1.2. Siðferðileg álitamál

Sálfræðingar gera sér grein fyrir að frumreglurnar fjórar eru ætíð háðar hver annarri og þær geta stundum stangast á. Siðferðileg álitamál af því tagi krefjast yfirvegum og oft samræðu við skjólstæðing og starfsfélaga þar sem siðareglur eru vegnar í tengslum hver við aðra. Þótt slíkur árekstur komi upp getur verið nauðsyn-

legt að taka ákvörðun og grípa síðan til aðgerða. Við hinar sérstöku aðstæður leiðir það til þess að vissar siðareglur verða að hafa forgang umfram aðrar.

III.1.3. Leiðbeiningar um siðlega breytni í starfi

Unnt er að koma strax auga á siðferðileg vandamál og leysa úr þeim þegar skýrar reglur eða viðmiðanir eru fyrir hendi. Þegar viðeigandi reglur stangast á (siðferðileg valþröng) getur matið orðið öllu flóknara.

Sálfræðingar sem standa frammi fyrir flóknu siðferðilegu álitamáli ráðfæra sig við starfsfélaga og/eða siðanefnd. Ákvörðun um breytni liggur þó hjá þeim sálfræðingi sem í hlut á en samráðin sjálf eru merki um faglegt siðvit.

Sálfræðingur sem veit að starfsfélagi stendur frammi fyrir siðferðilegri togstreitu býður aðstoð sína við að fast við hið siðferðilega álitamál.

Eftirfarandi skref eru þýðingarmikil þegar siðferðileg ákvörðun er tekin:

- Að skilgreina þær spurningar og vandamál sem hafa siðferðilega þýðingu.
- Að skilgreina möguleg viðbrögð.
- Greina kosti og galla hvers möguleika fyrir alla viðeigandi í bráð og lengd.
- Velja viðbrögð eftir nákvæma yfirvegun gilda, siðareglna og verklagsleiðbeininga.
- Grípa til viðbragða og taka jafnframt ábyrgð á afleiðingunum.
- Meta útkomu viðbragðanna.
- Leiðrétta slæmar afleiðingar ef það á við. Hafi ekki tekist að leysa hið siðferðilega álitamál á viðunandi hátt ber að reyna önnur viðbrögð.

III.2. Upplýsingar fyrir almenning

Upplýsingaefni ætlað almenningi um þjónustu sálfræðinga ber að innihalda upplýsingar um siðareglur sálfræðinga ásamt regluverki sem gildir um viðeigandi svið. Sálfræðingar veita þeim sem þeir starfa fyrir og tengdum persónum nægilegar upplýsingar um þær siðareglur og aðrar reglur sem gilda um sálfræðistörf ásamt upplýsingum um hvernig kærur má koma á framfæri og þau viðurlög sem koma til greina.

III.3. Leiðbeiningar um meðferð kærumála

Siðareglurnar eru einnig ætlaðar sem hjálp við að taka afstöðu til kærumála vegna framgöngu sálfræðinga í starfi. Þegar þau eru metin skal taka tillit til þeirrar faglegu togstreitu sem kann að hafa komið upp og þess sem sálfræðingur hefur látið ganga fyrir eftir siðferðilega yfirvegun. Sálfræðingur sem fær vitneskju um að starfsfélagi hefur vikið alvarlega frá siðareglum er skyldugur til að upplýsa siðanefnd Sálfræðingafélags Íslands.

Viðauki: Orðalisti

konflikt = togstreita, árekstur, mótsögn

etiske dilemma = siðferðileg valþröng

etiske problem = ýmist siðferðileg vandamál eða siðferðileg álitamál

integritet = heiðarleiki

värde = gildi, manngildi

värdighet = reisin

respekt = virðing

ansvar = ábyrgð

yrkesmässig = í starfi, það sem varðar starf, í störfum o.s.frv.

einnig faglegt, faglegur o.s.frv.

klient = skjólstæðingur

kollega = starfsfélagi



Sálfræðingafélag Íslands

(ICELANDIC PSYCHOLOGICAL ASSOCIATION)